

Norðurlandamót drengja (Youth)

Fimleikasamband Íslands stefnir að þátttöku á Norðurlandamóti í drengjaflokki (youth). Mótið fer fram á samhliða Norðurlandamóti unglunga sem sambandið hyggist líka taka þátt í. Mótið er haldið í Helsinki, Finnlandi dagana 19.-21. maí 2023. Drengjakeppni er samvinnuverkefni norðurlandþjóðanna og fer sú keppni fram samhliða Norðurlandamóti unglunga á oddatöluári, ekki er boðið upp á keppni í stúlknaflökki (youth).

Landsliðsþjálfari drengja: Alek Ramezanpour – alekramezanpour@gmail.com

Aldursskilyrði: Keppendur mega ekki vera yngri en 13 ára né eldri en 14 ára. Átt er við aldursárin 2009-2010.

Keppnisfyrirkomulag: Keppt er í einstaklings og liðakeppni (5-5-3). (5-5-3) þýðir að fimm keppendur mega taka þátt, fimm mega keppa á hverju áhaldi og þrjár einkunnir telja til einkunnar. Keppt er til úrslita á einstökum áhöldum. Athugið að það er ekki ljóst hvort að Ísland sendi lið eða einstaklinga til þátttöku.

Reglur: Keppt er út frá FIG- Code of Points fyrir unglunga með einstaka breytingum á fjölda æfinga reglum. Stökkhestur má vera á bilinu 125-135cm.

Markmið: Markmið með þátttöku í drengjaflokki er að kynna strákana fyrir afreksstarfi og undirbúa þá fyrir næsta skref sem er unglingaflokkur. Veita þeim tækifæri á að kynnast strákum úr öðrum félögum og mynda sterka liðsheild þvert á félagslið.

Mikill heiður er að vera valinn í landslið og viljum við að strákarnir gangi stoltir frá verkefninu fyrir sitt framlag í keppni fyrir Íslands hönd.

Kröfur landsliðsþjálfara og skipulag

Aðeins þeir drengir sem uppfylla kröfur landsliðsþjálfara koma til greina í verkefnið.

Kröfur: Strákar fæddir 2009-2010.

Strákar sem geta framkvæmt minnst sex „móment“ á minnst þremur áhöldum, að stökki undanskyldu.

Næstu skref: Landsliðsþjálfari mun líta til einkunna á Íslandsmóti. Opið úrtökumót mun fara fram eftir Íslandsmót þar sem að félagsþjálfarar eru beðnir um að skrá þá stráka sem uppfylla kröfur landsliðsþjálfara.

Tilkynning: Landsliðstilkynning – Eftir úrtökumót.

Landsliðsæfingar: Tvær landsliðsæfingar verða haldnar í aðdraganda mótsins.